



### **Greinagerð valnefndar:**

Starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga er metnaðarfull og yfirgripsmikil, þar sem hlúð er af hverjum þætti safnastarfsins á faglegan hátt. Safnið býr yfir ríkulegum safnkosti sem safnast hefur allt frá stofnun þess árið 1952 og beita starfsmenn viðurkenndum aðferðum við söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun sem mæta kröfum samtímans um safnastarf. Þá leggur safnið rækt við samstarf af ýmsum toga, bæði heima í héraði sem og á alþjóðavísu. Sú samvinna skipar safninu í flokk meðal fremstu safna á Íslandi í dag.

Safnið stendur fyrir öflugum rannsóknastarfi sem fléttast á vel heppnaðan hátt við aðra þætti safnastarfsins, þ.e. söfnun, varðveislu og miðlun. Sérstaklega ber að nefna umfangsmiklar fornleifarannsóknir sem ekki eingöngu stuðla að öflun og miðlun þekkingar á skagfirskum menningararfi, heldur hafa menningarsögulegt gildi á landsvísu sem og í alþjóðlegu samhengi. Þá hefur samþætting rannsókna við kennslu og miðlun víkkað enn frekar út starfssvið safnsins, sem birtist m.a. í starfsemi Fornverkaskólans sem og aðgengilegri útgáfu rannsóknarniðurstaðna á heimasíðu safnsins.

Starfsemi Byggðasafnsins nær langt út fyrir eiginlega staðsetningu þess. Sýningar þess eru víðar um héraðið en í höfuðstöðvunum að Glaumbæ, s.s. sýningin í Minjahúsinu á Sauðárkróki og aðalsýning í Vesturfarasetrinu á Hofsósi, sem einnig er dæmi um samstarfsverkefni undir faglegri handleiðslu byggðasafnsins. Samstarf við skóla, stofnanir og fyrirtæki í ferðaþjónustu sýnir hvernig safn getur stuðlað að aukinni þekkingu á menningararfi og þannig aukið fagmennsku í miðlun hans. Safnið hefur á að skipa hæfu starfsfólki sem með vökulum áhuga og metnaði hefur tekist að skipa því í flokk með þeim fremstu sinnar tegundar á Íslandi.

Valnefnd Íslensku safnaverðlaunanna 2016 skipa þau Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, formaður, Hlynur Hallsson, Unnur Birna Karlsdóttir, Sigurður Trausti Traustason, og María Karen Sigurðardóttir sem tók við af Lilju Árnadóttur.

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnmanna (FISOS) standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem er viðurkenning veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi.